

Argentína og Ísland

Kjallari

Þorvaldur Gylfason
skrifar



Skv. skýrslu
Gallups frá 2013
telja 76% Argentínu-
manna spillingu vera út-
breidda í argentínskum
stjórnámum á móti 67%
hér heima.

Efnahagsvandráði Argentínu verðskulda nú eins og oft áður athygli hér heima, þar eð löndunum tveim svipar saman. Vandinn nú er sá, að ríkissjóður Argentínu treystir sér ekki til að standa skil á skuldum sínum við erlenda láanardrottna og samdi því við þá um „klippingu“, sem kallað er, til að komast hjá greiðsluþroti. Samkomulagið felur í sér, að láanardrottnar geri sér að góðu að fá aðeins hluta skuldanna endurgreiddan og allir sitji við sama borð. Nokkrir vogunarsjóðir, sem eiga um 7% útistandandi krafna á ríkissjóð, höfnuðu samkomulagi. Þeir höfnuðu dómsmál, þar sem þeir heimtuðu fulla endurgreiðslu og engar refjar.

Til að styrkja samningsstöðu sína, efla traust og tryggja sér lægri vexti hafði Argentína fallit á, að ágreiningi um samkomulagið mætti vísa til bandarískra dómstóla frekar en argentínskra. Vogunarsjóðir neyttu lags og unnu málið gegn Argentínu fyrir bandarískum dómstóli, sem úrskurðaði, að Argentínu bæri að endurgreiða sjóðunum til fulls. Hæstiréttur Bandaríkjanna neitaði að taka málið til umfjöllunar, svo að dómur undirréttar stendur óhaggaður. Skv. dómnum er ríkissjóði Argentínu óheimilt að greiða láanardrottnum í samræmi

við samkomulagið, nema vogunarsjóðunum sé jafnframt endurgreitt til fulls. Því er ekki um eiginlegt greiðslu-fall Argentínu að ræða, heldur bann bandarískis dómstóls gegn því, að Argentína haldi samkomulagið.

Réttur dómur eða rangur?

Sumir kalla dóminn gegn Argentínu réttan, þar eð ekki sé að lögum hægt að neyða vogunarsjóði eða aðra til aðildar að samkomulagi, sem þeir kæra sig ekki um. Aðrir kalla dóminn rangan, þar eð hann muni hafa alvarlegar afleiðingar fyrir argentínsku þjóðina og fyrir margar aðrar þjóðir í skuldavanda. Þeir telja, að dóm-aranum hafi borið að taka mið af afleiðingum dómans fyrir aðra, þar eð lög og rétt þurfi að skoða í víðu samhengi. Dómurinn sendir skýr boð til kröfuhafa um, að þeir geti að lög-um heimtað fulla endurgreiðslu, og grefur undan þeim hætti, sem lengi hefur verið hafður á skuldaskilum

landa í greiðsluferfiðleikum. Hingað til hafa bankar og aðrir láanardrottnar skuldugra ríkja jafnan sýnt skilning á þeirri skoðun, að ekki er hægt að leggja þyngri skuldabyrði á nokkurt land en það getur borið. Vogunarsjóðirni, sem heimta fulla endurgreiðslu í Argentínu, sýna þessu sjónarmiði þó engan skilning, heldur einblína þeir á bókstaf laganna. Umtalsverður hluti skulda ríkissjóðs Argentínu varð til í tíð herforingjastjórna, sem kjósendur og skattgreiðendur í landinu geta ekki talizt bera neina ábyrgð á.

Lærdómar

Þessi Argentínusaga á erindi við Íslendinga af þrem höfuðstæðum. Í fyrsta lagi fylgir því ábyrgð að stofna til fjárskuldbindinga í útöndum í stórum stíl, einkum ef svo hefur verið búit um hnútana, að hægt sé að skjóta ágreiningi vegna uppgjors til erlendra dómstóla, þar sem þekking á innlendum staðhátum kann að vera takmörkuð. Þessi hættu hefur ágerzt með hnattvæðingu laga og réttar, sem kallar á enn meiri varkæmi en áður. Ríki, sem tapar dómsmáli erlendis gegn erlend-um kröfuhöfum, á yfir höfði sér kyrrsetningu erlendra ríkiseigna, jafnvel kyrrsetningu gjaldeyrisforða sedla-bankans, nema sérstakar varúðarráð- stafanir hafi verið gerðar.

Í annan stað fylgir því ábyrgð að leyfa hagstjórn að reka á reiðan-um og stjórnmálaspillingu að festa rætur. Verðbólgan í Argentínu hefur að sönnu verið meiri en hér heima að

undanförnu sem endranær, eða 14% á ári þar frá aldamótum á móti 5% hér. Og spillingin er enn meiri þar en hér. Skv. skýrslu Gallups frá 2013 telja 76% Argentínumanna spillingu vera útbreidda í argentínskum stjórnmálum á móti 67% hér heima. Það er bita-munur en ekki fjár. Eduardo Duhalde, fv. forseti Argentínu, sagði í viðtali við Financial Times, þegar hann tók við embætti 2001: „Stjórnmálaforusta landsins er sjött (hans orð, ekki mitt, stafsetning skv. orðabók Menningar-sjóðs), og ég tel sjálfan mig með.“ Alþingi syndi af sér svipaða hreinskilni, þegar það ályktaði einum rómi 2010, að „taka verði gagnrýni á Íslenska stjórnmálamenningu alvarlega“.

Í þriðja lagi bera argentínkir kjósendur ekki ábyrgð á þeim hluta efnahagsvanda Argentínu, sem rekja má til einræðisstjórna fyrri tíðar. Álitamál er, hvort svipað megi segja um Íslenska kjósendur, sem hafa kos- ið til Alþingis skv. hlutdragum kosn- ingalögum, sem tveir þriðju hlutar kjósenda höfnuðu í þjóðaratkvæða- greiðslu um nýja stjórnarskrá 2012. Alþingi, sem endurspeglar ekki þjóðarviljann vegna misvægis at- kvæðisréttar í krafti þjagaðra kosn- ingalaga, getur ekki væntzt þess að njóta trausts meðal kjósenda. Lausn vandans liggur fyrir. Hún felst í jöfnu vægi atkvæða með persónukjöri og auknu vægi þjóðaratkvæðagreiðslna og var samþykkt af kjósendum lið fyr- ir lið 2012, en Alþingi heldur henni í gíslingu. ■